

VIÐAUKI - SKILMÁLAR SKULDABRÉFS/ TERM SHEET – FIXED-INCOME SECURITIES

Upplýsingar um útgefanda/ Issuer's data:

1. Nafn/ Name:	Gróska ehf.
2. Kennitala/Registry number:	680515-1580
3. LEI kóði/LEI code:	6488IN99EC514DQ74V16

Upplýsingar um útgáfu/Issue's data:

4. Auðkenni útgáfu/Symbol (Ticker):	GROSKA 29 GB
5. ISIN kóði/ISIN code:	IS0000034080
6. CFI kóði/CFI code:	D-B-F-S-F-R
7. FISN kóði/FISN code:	GROSKA/1.20 BD 20290328
8. Skuldabréf/víxill/ Bonds/bills:	Skuldabréf
9. Heildarnafnverð útgáfu skv. Útgáfuheimild/ Total issued amount :	2.620.000.000
10. Nafnverð áður útgefið/ Total amount previously issued:	0
11. Nafnverð útgefið nú/ Amount issued at this time:	2.620.000.000
12. Nafnverðseining í verðbréfamiðstöð/ Denomination in CSD:	20.000.000 kr.
13. Skráð í Kauphöll/ Listed on Nasdaq Stock Exchange:	Já

Afborganir – Greiðslufæði/ Amortization – Cash flow

14. Tegund afborgana/ Amortization type:	Annað
15. Tegund afborgana, ef annað/ Amortization type, if other:	Óreglulegt endurgreiðsluferli. Endurgreiðsluferli fylgir ekki líftíma.
16. Gjaldmiðill/ Currency:	ISK
17. Útgáfudagur/ Issue date:	10.5.2022
18. Fyrsti gjalddagi höfuðstóls/ First ordinary installment date:	28.6.2022
19. Fjöldi gjalddaga höfuðstóls í heild/ Total number of installments:	28
20. Fjöldi gjalddaga á ári/ Installment frequency:	Eru 4, þ.e. 28. dagur í mánuðunum mars, júní, september og desember á hverju ári til og með lokagjalddaga. Fyrsti vaxtagjalddagi er 28.6.2022.
21. Lokagjalddagi höfuðstóls/ Maturity date:	28.3.2029
22. Vaxtaþrósent/ Interest rate:	1,20%
23. Vaxtaruna, breytilegir vextir/ Floating interest rate, if applicable:	Annað
24. Vaxtaruna, ef annað/ Floating interest rate, if other:	Click here to enter text.
25. Álagsþrósent á vaxtarunu/ Premium:	Á ekki við
26. Reikniregla vaxta/ Simple/compound interest:	Einfaldir
27. Reikniregla ef annað/ Simple/compound, if other:	Click here to enter text.
28. Dagaregla/ Day count convention:	30E/360

29. Fyrsti vaxtadagur Interest from date:	10.5.2022
30. Fyrsti vaxtagjalddagi/ First ordinary coupon date:	28.6.2022
31. Fjöldi vaxtagjalddaga á ári/ Coupon frequency:	4
32. Fjöldi vaxtagjalddaga í heildina/ Total number of coupon payments:	28
33. Ef óreglulegt greiðsluflæði, þá hvernig/ If irregular cash flow, then how:	Skuldabréfin eru greidd að fullu á 7 árum með 28 greiðslum á þriggja mánaða fresti. Á fyrstu 27 gjalddögum er greitt eins og um sé að ræða verðtryggt skuldabréf með jöfnum afborgunum höfuðstóls til 30 ára með 120 greiðslum höfuðstóls á 3 mánaða fresti (1/120) og á lokagjalddaga þann 28.3.2029 greiðast eftirstöðvar höfuðstóls (93/120), auk áfallinna vaxta og verðbóta.
34. Ef dagsetning afborgunar er frídagur, skal auka vaxtadaga sem því nemur/ If payment date is a bank holiday, does payment include accrued interest for days missing until next business day?:	Nei

Vísitölur/ Indexing

35. Vísitölutrygging/ Indexed:	Já
36. Nafn vísitölu/ Name of index:	Vísitala neysluverðs
37. Dagvísitala eða mánaðarvísitala/ Daily index or monthly index:	Dagvísitala
38. Dag/mánaðarvísitala ef annað/ Daily index or monthly index, if other:	Click here to enter text.
39. Grunnildi vísitölu/ Base index value:	530,78000 sem er gildi vísitölu neysluverðs (VNV) þann 10.5.2022
40. Dags. Grunnvísitölugildis/ Index base date:	10.5.2022

Aðrar upplýsingar/ Other information

41. Innkallanlegt/ Call option:	Nei
42. Innleysanlegt/ Put option:	Nei
43. Breytanlegt/ Convertible:	Nei
44. Lánshæfismat (matsfyrirtæki, dags.)/ Credit rating (rating agency, date):	Nei
45. Tilgangur útgáfu:	Skuldabréfin eru gefin út í þeim tilgangi að endurfjármagna skuldir útgefanda með „grænum skuldabréfum“ í samræmi við umgjörð útgefanda um græna fjármögnun.
46. Tryggingar:	Skuldabréfin eru tryggð með tryggingarbréfi á 1. veðrétti í fasteign útgefanda að Bjargargötu 1, 102 Reykjavík, fasteignanúmer F2327933, landeignanúmer L220421. Tryggingin er

	<p>sameiginleg með öðrum skuldabréfaeigendum á grundvelli veðsamnings sem sérstakur umsýslu- og veðgæsluaðili hefur umsjón með f.h. skuldabréfaeigenda.</p>
47. Greiðslustaður:	<p>Greiðslustaður höfuðstóls og vaxta á gjalddögum er hjá reikningsstofnunum, í samræmi við greiðsluupplýsingar frá Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, og hver reikningsstofnun útdeilir greiðslum á vörslureikninga skuldabréfaeiganda.</p>
48. Útreikningsaðili:	<p>Útgefandi mun sjá um að reikna út greiðslur af skuldabréfunum á hverjum gjalddaga í samræmi við skilmála þeirra.</p>
49. Umsýslu- og veðgæsluaðili:	<p>KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík. Með umsýslu- og veðgæslusamningi er átt við samning milli útgefanda og veðgæsluaðila f.h. veðhafa um umsýslu og veðgæslu vegna útgáfu skuldabréfa sem eru veðtryggð samkvæmt veðskjölum vegna útgáfunnar.</p>
50. Upplýsingaskylda gagnvart umsýslu- og veðgæsluaðila skuldabréfa:	<p>Útgefandi skuldbindur sig til þess að afhenda umsýslu- og veðgæsluaðila afrit af eftirfarandi skjölum:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) Endurskoðaður ársreikningur fyrir útgefanda fyrir hvert fjárhagsár sem endar eftir útgáfudag skuldabréfanna um leið og hann hefur verið samþykktur af stjórn útgefanda og eigi síðar en 120 dögum frá lokum viðkomandi uppgjörstímabils. b) Árshlutareikningur fyrir fyrstu sex mánuði ársins fyrir hvern árshelming sem endar eftir útgáfudag skuldabréfanna um leið og hann hefur verið samþykktur af stjórn útgefanda og eigi síðar en 60 dögum frá lokum viðkomandi uppgjörstímabils. c) Staðfestingar stjórnar og forstjóra útgefanda að viðeigandi ársreikningur og árshlutareikningur gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu útgefanda, í lok hvers reikningstímabils og rekstrarafkomu sem og breytingu á handbæri fé á viðkomandi reikningstímabili. d) Útgefandi skal sjá til þess að viðeigandi ársreikningur og árshlutareikningur séu útbúnir í samræmi við alþjóðlega

	<p>reikningskilastaðla eins og þeir eru staðfestir af Evrópusambandinu á hverjum tíma.</p> <p>e) Skýrslu um fjárhagsleg skilyrði innan tveggja vikna frá því að endurskoðaður ársreikningur er afhentur.</p> <p>f) Skýrslu um fjárhagsleg skilyrði innan tveggja vikna frá því að árshluta-reikningur er afhentur.</p> <p>g) Verðmati þriðja aðila á fasteigninni að Bjargargötu 1, 102 Reykjavík, fasteignanúmer F2327933, einu sinni á ári og eigi síðar en tveimur vikum eftir að það liggur fyrir.</p> <p>Upplýsingaskyldan gildir þar til skuld samkvæmt skuldabréfunum er að fullu greidd.</p>
<p>51. Almennar skyldur</p>	<p>Útgefandi skuldbindur sig til þess að hlíta eftirfarandi almennum skyldum:</p> <p><i>Kröfur til upplýsingagjafar</i></p> <p>Fundarboðun, fundargögn og niðurstöður fundar skulu birtar opinberlega samkvæmt lögum nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, eða, á meðan skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á Nasdaq Sustainable Bond Market, senda til Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, sem kemur upplýsingum áfram til skuldabréfaeigenda. Jafnframt skuldbindur útgefandi sig til að birta að beiðni umsýslu- og veðgæsluaðila allar þær upplýsingar sem máli kann að skipta fyrir eigendur skuldabréfa, og lagt er upp með í umsýslu- og veðgæslusamningi opinberlega, eða, á meðan á meðan skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á Nasdaq Sustainable Bond Market senda til Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, sem kemur upplýsingum áfram til skuldabréfaeigenda.</p> <p><i>Tilkynning um vanefndir</i></p> <p>Útgefandi skal tilkynna umsýslu- og veðgæsluaðila um hvers kyns vanefndir á skilmálum tryggingarbréfs og skuldabréfanna og þær aðgerðir sem gripið</p>

hefur verið til í því skyni að bæta úr þeim, ef við á, um leið og hann verður þeirra var.

Greiðsla skatta

Útgefandi skal greiða alla sína skatta á gjalddaga, nema að því gefnu að hann telji skattaálagningu umdeilanlega og fer með það í viðeigandi ágreiningsferli í góðri trú. Skal hann þá halda til haga fjárhæð sem talist gæti eðlileg samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, eins og þeir eru staðfestir af Evrópusambandinu á hverju tíma, til greiðslu slíkra umdeilda skatta.

Vátryggingar og greiðsla vátryggingargjalda

Útgefandi mun sjá til þess að þær fasteignir sem settar verði að veði séu vátryggðar gegn tjóni af völdum eldsvoða, auk hvers kyns öðrum hættum sem almennt er vátryggt gegn í starfsemi svipaðri þeirri sem viðkomandi veðsali hefur með höndum. Útgefandi skal sjá til þess að vátryggingar séu keyptar hjá tryggingarfélögum sem hafa starfsleyfi sem slík og að öll iðgjöld séu greidd á gjalddaga og geri hverjar þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að þær vátryggingar sem teknar hafa verið haldist í fullu gildi.

Löggiltir endurskoðendur

Aðilar sem kosnir eru sem endurskoðendur útgefanda skulu vera löggiltir endurskoðendur.

Breytingar á starfsemi eða tilgangi útgefanda

Útgefandi skuldbindur sig til að þess að skipta hvorki útgefanda upp í tvö eða fleiri sjálfstæð félög, gera ekki breytingar á tilgangi samkvæmt samþykktum sínum eða breytingar á starfsemi sem ekki rúmast innan tilgangs samkvæmt samþykktum nema að fengnu fyrirfram samþykki 9/10 skuldabréfaeigenda m.v. fjárhæð. Útgefanda er þó alltaf heimilt að skipta

	<p>tilteknum eignum eða hluta rekstrar í félag að fullu í eigu útgefanda.</p> <p><i>Skuldajöfnuður óheimill</i></p> <p>Allar greiðslur frá útgefanda vegna skuldabréfanna skulu inntar af hendi án nokkurs frádráttar vegna skuldajafnaðar eða gagnkrafna.</p> <p><i>Samsetning fasteigna</i></p> <p>Útgefandi skuldbindur sig til að tryggja að samsetning veðsettra fasteigna samkvæmt tryggingarbréfi uppfylli þau skilyrði sem fram koma í veðhafasamkomulagi.</p>
<p>52. Fjárhagsleg skilyrði</p>	<p>Lánþekja á 1. veðrétti í upphafi lánstíma skal ekki vera hærrí en 75% af verðmæti trygginga (skv. lið 46) samkvæmt verðmæti þriðja aðila. Á hverjum prófunardegi skal lánþekja ekki vera hærrí en 85% á 1. veðrétti. Lánþekja er skilgreind sem hlutfall allra skuldbindinga útgefanda sem tryggðar eru með veðandlaginu á móti verðmæti þeirra eigna sem tilheyra veðandlaginu.</p> <p>Á hverjum prófunardegi skal vaxtaþekja ekki vera lægri en 1,5. Með vaxtaþekju er átt við rekstrarhagnað fasteigna í veðandlaginu á móti reiknuðum vöxtum af lánum tryggðum með veðum í veðandlaginu.</p> <p>Prófunardagar fjárhagslegra skilyrða skulu vera 30. júní og 31. desember á hverju ári til lokagjalddaga þar sem fyrsti prófunardagur er 30. júní 2023. Verðmæti eignarinnar skal hins vegar einungis metið einu sinni á ári, þann 30. júní.</p> <p>Umsýslu- og veðgæsluaðili skal staðfesta útreikning útgefanda á fjárhagslegum skilyrðum.</p>
<p>53. Úrbætur fjárhagslegra skilyrða</p>	<p>Uppfylli útgefandi ekki fjárhagsleg skilyrði getur hann til úrbóta á lánþekju bætt við eignum sem veðsettar eru samkvæmt tryggingarbréfinu, í samræmi við</p>

	<p>veðhafasamkomulagið innan tilskilins frests.</p> <p>Til úrbóta á vaxtaþekju getur útgefandi gefið út nýtt hlutafé og/eða tekið víkjandi lán. Fjármunir sem þannig fást getur útgefandi nýtt til að bæta því við sem upp á rekstrartekjur vantar, þannig að skilyrði um vaxtaþekju séu uppfyllt innan tilskilins frests.</p> <p>Tilskilinn frestur til úrbóta samkvæmt ofangreindu reiknast frá því að umsýslu- og veðgæsluaðili tilkynnir útgefanda skriflega um brotið eða útgefandi verður þess var, hvort heldur sem gerist fyrr.</p> <p>Fresturinn er 35 dagar nema ef um greiðslufall er að ræða þá er hann 15 dagar.</p>
54. Sérstök skilyrði	<p>Útgefandi skuldbindur sig til þess að hlýta eftirfarandi sérstökum skilyrðum:</p> <p><i>Lokaúttekt fasteignar</i> Að láta framkvæma lokaúttekt á Bjargargötu 1, 102 Reykjavík, fasteignanúmer F2327933, og fá fasteignina skráða sem fullgerða byggingu í fasteignaskrá Þjóðskrár (byggingarstig 7 samkvæmt ÍST 51 Byggingarstaðli um Byggingarstig húsa) eigi síðar en 31.12.2023. Uppfylli útgefandi ekki þetta sérstaka skilyrði innan tímamarka skulu vextir skuldabréfsins hækka um sem nemur 1% frá 1.1.2024 og þangað til framangreint skilyrði er uppfyllt.</p> <p><i>Jafnræði skuldabréfaeigenda</i> Að kröfur samkvæmt skuldabréfaflokki þessum skuli ávallt vera jafnréttháar (e. pari passu) innbyrðis og á hverjum tíma jafnréttháar öðrum skuldbindingum útgefanda með 1. veðrétti í Bjargargötu 1, 102 Reykjavík, fasteignanúmer F2327933. Óheimilt er að veita öðrum jafnréttháum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra. Þrátt fyrir ofangreint skal útgefanda þó heimilt að kaupa skuldabréfin, í heild eða að hluta, á</p>

	<p>eftirmað, án þess að krafa vakni til að hann kaupir skuldabréf af öðrum eigendum.</p> <p><i>Umsýslu- og veðgæsluaðili</i> Útgefandi skuldbindur sig til hafa í gildi samning við umsýslu- og veðgæsluaðila á líftíma skuldabréfsins.</p> <p><i>Arðgreiðslur</i> Arðgreiðslur, kaup á eigin hlutabréfum, lækkun hlutafjár til greiðslu til hluthafa eða aðrar sambærilegar aðgerðir skulu vera heimilar svo lengi sem tryggingaskilyrði veðandlagsins brotni ekki við slíka aðgerð. Skilyrði fyrir slíkri aðgerð, í hvaða formi sem hún kann að vera, er að engar vanefndir samkvæmt skuldabréfi þessu séu til staðar eða að fyrirsjáanlegt sé að slík aðgerð myndi leiða til vanefnda.</p>
<p>55. Frekari skuldsetning</p>	<p>Útgefanda er heimilt að gefa út frekari skuldaskjöl sem eru veðtryggð samkvæmt tryggingarbréfinu, að því gefnu að lánþekja fari ekki umfram 75%. Slík skuldaskjöl eru jafnrétt há öðrum skuldaskjölum sem gefin eru út af útgefanda með veði samkvæmt tryggingarbréfinu.</p>
<p>56. Yfirlýsingar</p>	<p>Útgefandi lýsir yfir eftirfarandi á útgáfudegi skuldaskjal gagnvart sérhverjum kröfuhafa:</p> <p>a) Útgefandi er félag, réttilega stofnað, í góðu horfi og er réttilega skráð samkvæmt íslenskum lögum. Útgefandi ræður yfir eigin eignum og ræður sinni starfsemi eins og hún er rekin.</p> <p>b) Sérhvert skuldaskjal sem útgefandi gefur út myndar, eða þegar það verður undirritað í samræmi við ákvæði þess mun mynda, lagalegar, gildar, bindandi og fullnustuhæfar skuldbindingar.</p> <p>c) Útgefandi hefur heimild til að gangast undir og standa við þær skuldbindingar sem skuldaskjolin fela í sér og þau viðskipti sem fjallað er um í skuldaskjölunum</p> <p>d) Aðild að, og efndir útgefanda á skuldaskjölunum, brýtur ekki í bága við</p>

	<p>nein lög eða reglugerðir, dómsúrskurði eða úrskurði yfirvalda, né stofnskjöl útgefanda eða samninga sem eru bindandi fyrir útgefanda.</p> <p>e) Engar vanefndir eru til staðar og engin önnur atvik eða aðstæður eru uppi sem orsaka vanefnd samkvæmt nokkru skjali sem skuldbindur útgefanda eða einhverjar eignir hans, sem eru líklegar til að hafa efnislega neikvæð áhrif.</p>
<p>57. Vanefndatilvik</p>	<p>Eftirfarandi skulu teljast vanefndatilvik:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) <i>Greiðsludráttur</i> af hálfu útgefanda ef hann greiðir ekki afborganir og vexti á gjalddaga og slík vanefnd varir lengur en 15 daga frá gjalddaga. b) <i>Fjárhagsleg skilyrði</i>: Ef útgefandi uppfyllir ekki þau fjárhagslegu skilyrði sem fram koma í lið 52 og ekki er bætt úr innan þeirra fresta skv. lið 53. c) Brot útgefanda á almennum skyldum skv. lið 51. d) Brot útgefanda á upplýsingaskyldum skv. lið 50. e) Brot útgefanda á sérstöku skilyrði skv. lið 54 að því er varðar jafnræði skuldabréfaeigenda. f) Brot á skyldum útgefanda samkvæmt umsýslu- og veðgæslusamningi vegna skuldabréfanna dags. 10. maí 2022. g) Yfirlýsing/ar útgefanda skv. lið 56 er röng/rangar. h) <i>Vanefnd á öðrum skuldbindingum</i>: Vanefni útgefandi greiðslu á öðrum fjárhagslegum skuldbindingum sínum sem hann hefur gefið út, umfram 5 milljónum króna að samtölu þegar viðkomandi skuldbindingar falla í gjalddaga og útgefandi hefur ekki komið í skil innan 15 daga frá gjalddaga. i) <i>Fullnustuaðgerðir</i>: Ef árangurslaust fjárnám er gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi

	<p>hans, óskað er eftir greiðslustöðvun eða útgefandi leiti nauðasamninga eða eignir hans auglýstar á nauðungaruppboði, nema útgefandi haldi uppi eðlilegum vörnum og beiðni eða ósk sem að framan getur eigi augljóslega ekki stoð í lögum.</p> <p>j) <i>Ógjaldfærni:</i> Ef útgefandi verður að lögum ekki talinn geta staðið í skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga, telst ógjaldfær, viðurkennir að hann geti ekki greitt skuldir sínar á gjalddaga, hættir greiðslu á öllum eða einhverjum tegundum skulda sinna eða lýsir yfir fyrirætlun þess efnis, fær greiðslustöðvun vegna skulda sinna, eða gengur til samninga við einn eða fleiri lánardrottna um endurskipulagningu eða endursamningu á skuldum sínum vegna fjárhagslegra örðugleika.</p> <p>k) Ef skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á markaði á Nasdaq Sustainable Bond Market fyrir 30. september 2022 og ef skuldabréfin eru tekin úr viðskiptum fyrir lokagjalddaga þeirra.</p>
58. Gjaldfelling	<p>Ef ekki er bætt úr vanefnd innan 15 daga ef um greiðsludrátt er að ræða, og innan 35 daga í öðrum tilvikum er kröfuhafa heimilt að óska eftir að umsýslu- og veðgæsluaðili boði til fundar skuldabréfaeigenda til að ákveða hvort gjaldfella eigi skuldabréfin.</p> <p>Gjaldfelling skal teljast samþykkt ef meira en 1/3 skuldabréfaeigenda samþykkja hana. Hafi gjaldfellingarheimild myndast vegna vanefnda á greiðslu höfuðstóls eða vaxta skal samþykki 1/10 skuldabréfaeigenda nægja til að gjaldfelling teljist samþykkt.</p> <p>Sé greiðsla ekki innt af hendi á gjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að</p>

	<p>innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni á vörslureikningi hjá reikningsstofnun.</p>
<p>59. Breytingar á skilmálum</p>	<p>Útgefandi getur óskað eftir breytingu á skilmálum skuldabréfanna.</p> <p>Til að samþykkja skilmálabreytingu á skuldabréfunum þarf samþykki 9/10 atkvæða sem farið er með á veðhafafundi til ákvarðanatöku. Eigin bréf útgefanda og/eða tengdra aðila skulu ekki talin með við útreikning á atkvæðisrétti við slíka atkvæðagreiðslu. Ákvarðanir á veðhafafundi, sem hins vegar raska jafnræði milli veðhafa og áskilja tilteknum veðhöfum betri rétt en öðrum samkvæmt fjármögnunarskjölunum, hvort sem er með breytingum á veðskjölunum eða með öðrum hætti, þarfnast samþykkis allra atkvæða sem farið er með á veðhafafundi. Umsýslu- og veðgæsluaðili annast fundarboðun. Fundarboðun, fundargögn og niðurstöður fundar skuldabréfaeiganda skulu tilkynnt skuldabréfaeigendum með sannanlegum hætti í samræmi við samning um umsýslu- og veðgæslu.</p>
<p>60. Framsal</p>	<p>Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin verða gefin út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, og er reikningstofnunum, eins og þær eru skilgreindar skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim.</p> <p>Eignaskráning rafbréfa hjá Nasdaq CSD SE; útibú á Íslandi, að undangenginni lokafærslu Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum</p>

	sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréf þessi.
61. Taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði	Skuldabréfin verða tekin til viðskipta á Nasdaq Sustainable Bond Market fyrir 30. september 2022.
62. Úrlausn ágreiningsmála	Ágreining sem ekki er unnt að leysa skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.